

Reglugjörð

76
25. ágúst

um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl. frá 10. ágúst 1915.

Við 4. gr.

Í staðinn fyrir »25 aura« komi 1 króna o. s. frv.

Við 8. gr.

Í stað orðanna: »Upprekstrargjald skal vera 7 aurar fyrir hverja kind og 4 kr. fyrir hvert hross«, komi: Upprekstrargjald skal vera 28 aurar fyrir hverja kind, og 16 kr. fyrir hvert hross o. s. frv. Aftan við grein þessa komi svofeld viðbót: Hver sem tekur sauð-fje eða hross til beitar í landið, hefir fulla ábyrgð á því, að fjenaður þessi gangi ekki í landi nágranna. Ber honum því að greiða allan kostnað þann, er nágranni getur sannað, að hann hafi af vörn slægjulands síns, af nefndum fjenaði.

Við 10. gr.

Úr henni falli niður orðin: »Nema hreppsnefnd mæli öðruvísi fyrir.«

Við 19. gr.

Í stað orðanna í annari málsgrein: »4 aurar um sólarhring«, komi: 20 aurar um sólarhring.

Við 23. gr.

Í stað: »10 aura gæslukaupi«, komi: 20 aura gæslukaupi.

Við 25. gr.

Á eftir orðunum: »Í hvert sinn sem gren finst, skal« komi: Ábúandi, sá sem grenið finst hjá o. s. frv.

Við 27. gr.

Í stað: »kr. 3.00«, komi: Kr. 7.00. Í stað: »kr. 4.00«, komi: Kr. 6.00. Í stað: »kr. 8.00«, komi: Kr. 12.00. Í stað: »kr. 0.50«, komi: Kr. 2.00.

Við 30. gr.

Í stað: »kr. 5.00«, komi: Kr. 6.00. Í stað: »kr. 20.00«, komi: Kr. 50.00.

Við 33. gr.

Í stað: »kr. 25.00«, komi: Kr. 50.00.

Við 34. gr.

Í stað þessarar greinar komi svohljóðandi grein: Í þeim hreppum, sem Eyja-hreppur hefir upprekstur, greiðir hann kostnað við refaveiðar, að tiltölu rjettri, miðað við fjár-tölu í hlutaðeigandi hreppi, samkvæmt vorframtali. Kostnaður þessi greiðist fyrir fardagaár hvert, enda hafi hreppsnefndin í hlutaðeigandi hreppi sent hreppsnefnd Flateyjarhrepps heildar-

76 reikning yfir refaveiðakostnaðinn á árinu. Allan annan kostnað við eyðing refa í heimahög-
25. ágúst um, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjölög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði, þó
kosta ábúendur grenjaleitir samkvæmt 24. gr.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð
til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 25. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

77
3. sept.

Reglugjörð

um skemtanskatt í Bolungavík.

1. gr.

Reglugjörðin gildir fyrir skemtisamkomur, sem haldnar eru í Bolungavík, og sem almenningi er seldur aðgangur að.

2. gr.

Skattskyldar samkomur eru: Fyrirlestrar, upplestur alskonar, sjónleikir, myndasýningar alskonar, íþróttasýningar, einsöngur, kveðskapur og gamanvísur »þó sungnar sjeu«, eftirhermur, sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, böglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtana er notað og er í eðli sínu samskonar og nú er talið. Ennfremur skulu »spiritista«-samkomur þær, sem aðgangur er seldur að, taldar skattskyldar.

3. gr.

Skatturinn er hundraðsgjald af inngangseyri »brúttó«, og greiðist af hverri tegund samkoma þannig:

- a. af fyrirlestrum, upplestri og sjónleikjum greiðist 5%
- b. af myndasýningum, íþróttasýningum, samsöng og spiritistasamkomum greiðist 10%
- c. af einsöng, sjónhverfingum, kveðskap og skrautsýningum greiðist 15%
- b. af eftirhermum, dansleikjum, böglauppboðum og hlutaveltum greiðist 20%.

Þegar skemtunar koma fyrir, sem hjer eru ekki taldar, en sem skattskyldar álítaast samkvæmt 2. gr., skal greiða sama skatt af þeim og þeim skemtunum, sem þær eru svipað-astar, af þeim sem hjer hafa verið taldar. Þegar fleiri en ein skemtun er höfð á sömu samkomu, skal skatturinn reiknaður fyrir þá skemtun, sem lengstan tíma stendur yfir af samkomunni.

4. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir eftirlit með að reglugjörð þessari sje hlýtt og sjer um innheimtu skattsins. Ræður hún sjerstakan mann til þess fyrir sína hönd, og nefuist hann